

# Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Með orðsendingu þessari er vakin athygli á reglum um staðgreiðslu og rafrænum skilum á skatti af fjármagnstekjum árið 2010

**Fjármagnstekjuskattur er 18% frá 1. janúar 2010.**

## Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

## Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum, þ.m.t. innleystur gengishagnaður á staðgreiðslu-ári og áfallinn gengishagnaður í árslok af reikningum í innlánsstofnunum, og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

## Skiladagur - skilastaðir

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts á fyrsta ársfjórðungi 2010 er 20. apríl en eindagi er 5. maí.

**Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.**

## Rafræn skil á fjármagnstekjuskatti

Nú er hægt að gera skil á fjármagnstekjuskatti á rafrænan hátt. Farið er á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, með kennitölu og aðallykli eða skilalykli. Síðan er valið vefskil > staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts og opnast þá form útfyllingar. Fylgja þarf leiðbeiningum til enda og verður þá til krafa í heimabanka gjaldanda.

Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs og vaxtatekna á tímabilinu skal gera grein fyrir því.

## Peir sem ekki skila rafrænt

Á rsk.is er hægt að nálgast skilagrein til að skila fjármagnstekjuskatti. Eyðublaðið heitir RSK 5.19.

## Útfylling skilagreinar (gíróseðils)

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Auk þess skal ávallt fylla út samtölureitinn í efstu línunni.

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

Þessari skilagrein þarf að skila til innheimtumanns ríkissjóðs ásamt greiðslu.

## Næsti skiladagur

Af fjármagnstekjum sem til falla eftir 1. janúar ber að halda eftir 18% staðgreiðslu sem skila á ársfjórðungslega. Næsti gjalddagi er 20. júlí 2010 vegna tekna á ársfjórðungnum apríl-júní og eindagi 4. ágúst 2010.

## Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvísar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka **skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð.**

Nánari upplýsingar veitir ríkisskattstjóri í síma 442-1000 og skattstofur um land allt.